

14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumálaráðherra tilnefni til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi: tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn sildarverksmiðja ríkisins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um sildarverksmiðjur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegulega tjáð Oss, að tveir af hinum þingkosnu stjórnarnefndarmönnum sildarverksmiðja ríkisins hafi lagt niður umboð sín og að eigi sé unnt að fullskipa stjórn sildarverksmiðjanna samkvæmt núgildandi lagafyrirmælum, en hinsvegar mjög nauðsynlegt að stjórn þessa stóra risafyrirtækis sé jafnan fullskipuð og að því sé óhjákvæmilegt að breyta til um fyrirkomulag á skipun verksmiðjustjórnarinnar og þyki þá af ýmsum ástæðum hentast að stjórnarnefndarmenn séu aðeins þrír, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumálaráðherra tilnefni til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á

sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsg. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi: tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn sildarverksmiðja ríkisins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. maí 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.